


Suðureyri

Uppfærsla á menntun í takt við tækniþróun



19. september 2016

Staðan tekin á Grunnskólanum á Suðureyri.



Fókusinn í þessari ferð var að taka stöðuna á bæði spjaldtölvumálum og innleiðingu á forritun. Í skólanum eru tveir nýjir kennarar sem virðast vera vel tæknilæsir og til í slaginn. Skólinn setti sér einnig markmið og fókus með notkun spjaldtölva í skólanum.

1

SKÖPUN

Efla sköpun og skapandi hugsun í námi með notkun á spjaldtölvunum.

MARKMIÐ

FÓKUS

2

EINSTAKLINGSMIÐUN

Nýta tækið til að efla einstaklingsmiðun í námi og kennslu.

Ósk kennara um vinnustofur



Garageband



Hljóðbækur



Makey Makey

Staðan - Spjaldtölvur

Farið var yfir stöðuna á notkun spjaldtölva í skólanum með kennurum og nemendum.

Starfsfólkið var mjög áhugasamt um framþróun og að fá stuðning við að stíga næstu skref. Í skólanum eru tveir nýjir kennarar, Sara og Palli, sem eru vel tæknilæsir og til í framþróun. Tekin var umræða um hvaða markmið og fókus skólinn vildi hafa að leiðarljósi í spjaldtölvuinnleiðingunni.

Sköpun & Einstaklingsmiðun

Skólinn hefur verið að vinna mikið með verkefni sem snúa að upplýsingaöflun, sköpun og framsetningu - líkt og magnað auglýsingaverkefni fyrir fyrirtækin á svæðinu í formi myndbanda sem sett voru á youtube. Þau vilja halda áfram á þeirri braut og nýta sköpunareiginleika tækisins í slíka vinnu auk þess að efla einstaklingsmiðun í námi og kennslu. Sköpun og einstaklingsmiðun varð því sett sem markmið og fókus fyrir grunnskólann.

4.-6.bekkur taka spjöldin ekki með sér heim en 7.-10 bekkur hefur fullt aðgengi að spjöldunum yfir skólamánuðina. Allir skilja spjöldin eftir í skólanum yfir sumarmánuðina.

Við ætlum að bæta námsárangur barna í Ísafjarðarbæ fyrir börnin, sjálfsmynd þeirra og framtíð. Við viljum að góðir skólar laði fólk til búsetu í byggðunum okkar.

Stillum saman strengi!

Yfirlit yfir nemendur og tæki

	#Nem	iPad-ar
10.bekkur	2	1:1 (hver með sinn iPad)
9.bekkur	5	1:1 (hver með sinn iPad)
8.bekkur	2	1:1 (hver með sinn iPad)
7.bekkur	4	1:1 (hver með sinn iPad)
6.bekkur	7	1:1 (hver með sinn iPad)
5.bekkur	6	1:1 (hver með sinn iPad)
4.bekkur	2	1:1 (hver með sinn iPad)
3.bekkur	6	Nota sameign (6 stk)
2.bekkur	6	Nota sameign (6 stk)
1.bekkur	3	Nota sameign (6 stk)

Framundan

Hver eru næstu skref og hvað þarf að hafa í huga!

Skólinn hefur verið að byrja að nýta **Námfús** fyrir umsýslu og mun gera það allavega út skólaárið. Skólinn stefnir á notkun á Google Classroom fyrir verkefnaskil og því ekki þörf á að skipta yfir í kerfi líkt og Showbie að svo stöddu.

Verkefnaskil =


Verður Google Classroom

Framundan er að innleiða iPada í yngri bekkina en nú eru 5.-10.bekkur með 1:1 iPad sem keyrir á þeirra eigin AppleID sem tengist við Google Education. Framundan er einnig að koma kennurum í Google Classroom og í framhaldi nemendum.

Það þyrfti einnig að demba verkefnum á kennara til að nýta strax í kennslu.



Nota Námfús fyrir umsýslu




Innleiða Google Classroom

MARKMIÐ UM ÁRAMÓT 2016/2017

Markmið skólans fyrir áramót 2016/2017 eru eftirfarandi:

#Einstaklingsmiðun

Mið- og elsta stig tileinki sér notkun á iPad í námi og noti Google Classroom markvisst.



Öppin

Pó svo að fókusinn sé ekki á tiltekin öpp þá eru þau mikilvægur þáttur eftir að markmið hafa verið sett og fókusinn stilltur.

Í viðræðum við kennara komu upp hugmyndir um að efla notkun á **Garageband** og koma af stað vinnu í kringum **Makey Makey** græjurnar. Bæði styður við markmið skólans og fókus um Sköpun.

Þau hafa einnig áhuga að fræðslu um **hljóðbækur** og hvernig hægt sé að nýta spjöldin til að efla einstaklingsmiðun þegar kemur að lestri og hlustun.

Skólinn notast við íslenska AppStore-ið.

Hvað nota nemendur!

Því miður voru iPadar ekki komnir í notkun þetta skólaárið þegar ég kom í heimsókn sökum ýmissa vandkvæða sem snéru að uppsetningu og töfum á nýjum tækjum. Það hafði því lítið að segja að fá nemendur til að rifja upp þessa hluti enda ekki verið með tækin frá því á vorönn. Hinsvegar á skólinn eftirfarandi öpp sem nýtt eru og ég lista einnig upp þau öpp sem algeng eru en ekki til í skólanum.

Öppin	
iMovie	Appið er til
GarageBand	Appið er til
NoteShelf	Appið er til
Explain Everything	Appið er til
Keynote	Ekki til (spurning með Google Slides í staðin)
Pages	Ekki til (spurning um Google Docs í staðin)

GESTAKENNARI FRÁ UNGVERJALANDI

Það var einstaklega gaman að sjá hversu vel til tekst í kennslu þegar fenginn er gestakennari frá Ungverjalandi inn í skólann. Við lifum í ótrúlega alþjóðlegu umhverfi og um að gera að nýta okkur áhugasama gestakennara til að læra af og kveikja áhuga nemenda á nýjum hlutum (eða eldri hlutum í nýjum búningi).

Það var ekki verra að hann tók með sér og sýndi listir sínar með Micro:Bit örtölvunni sem allir nemendur í 6.-7.bekk fá á næstunni.



Staðan - Forritun & FabLab

Farið var yfir stöðuna á innleiðingu á forritun í skólanum og tengingu við FabLab.

Það hefur verið eitthvað um kennslu í **forritun** en þó ekki markvissa og mun sameiginleg áætlun um innleiðingu á forritun í Ísafjarðarbæ koma til með að vera mikill stuðningur hér á bæ.

Hérna ætlar Þormóður að taka boltann og hafa umsjón með forritunarinnleiðingu og fá Palla í lið með sér til að sjá um upplýsingatækni fyrir yngri nemendur.

Makey Makey græjurnar hafa ekki verið teknar í notkun enn og því mikilvægt að kippa því í liðinn og koma notkun markvisst inn í kennslu. Það er því klárlega þörf á annarri Makey Makey vinnustofu.

Skólinn er ekki að nýta sér **FabLab** tíma þar sem það er ekki auðvelt að þvælast á milli.



Tókum smá code.org kynningu




Væri ljúft að skipta út 6 client vélum

EVROPSKA FORRITUNARVIKAN

Skólinn ætlar að taka þátt og vera með eftirfarandi viðburði líkt og á Flateyri:

17. Október = Eldri nemendur kynna sér og forrita í appinu "The Foos" í 2 klst.

19. Október = Eldri nemendur aðstoða yngri nemendur við að forrita í "The Foos" í 2 klst.



Save-the-date
EU Code Week 2016

15-23 October 2016

codeweek.eu

Minecraft

Skólinn átti nokkur eintök af Minecraft bókunum sem stoppa lítið við á bókasafninu. Skólinn tekur Minecraft dæmið skrefinu lengra og býður upp á Minecraft valnámskeið í haust.

Bækurnar hafa skilað sér vel til nemenda í skólanum og stoppa sjaldnast lengi inn á bókasafni.

Fyrirhugað er Minecraft valnámskeið í skólanum 22.nóvember til 5.janúar og var ætlunin að setja upp sér þjón/server sem væri hýstur í skólanum. Það er hins vegar ekki að ganga upp þannig að við hjá Skema erum að skoða möguleikana á að setja upp og hýsa þjón/server með sniðmáti frá okkur og opna aðgengi fyrir nemendur í valáfanganum til að vinna á í skóla og að heiman.

Frábært framtak sem verður gaman að fylgjast með.



MINECRAFT

Minecraft er tölvuleikur og sýndarheimur sem gefur sköpunargleðinni og ímyndunaraflinu lausan tauminn. Spilarar geta ýmist spilað einir eða við aðra á netinu, reist mannvirki eða farið í ævintýraferðir en verða alltaf að muna að hafa varann á þegar nóttin nálgast.

Við hjá Skema nýtum leikinn ekki bara til að efla sköpunargleði, rökhugsun og rýmisgreind heldur til að kveikja áhuga nemenda á öðrum námsgreinum líkt og landafræði, lestri, efnafræði, rafrásam og forritun.

